

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 03.05.2022

Fundur 2-2022

Fundur haldinn í sveitarstjórn Skagabyggðar þriðjudaginn 3. maí 2022 kl. 14:30 í Skagabúð.

Mætt voru: Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Karen Helga R. Steinsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson og Magnús Guðmannsson.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá

1.Ársreikningur

2.Málefni fatlaðra

a)Bréf frá sveitarfélaginu Skagafirði dags. 31. mars 2022

3.Samstarfsverkefni í Austur-Húnavatnssýslu

4.Tónlistarnám framhaldsskólanemenda úr Skagabyggð

5.Sorpmál

6.Vatnsmál

7.Bréf:

a)Jón Gunnarsson, dómsmálaráðherra dags. 21. mars 2022

b)Stjórn Heimilisiðnaðarsafnsins dags. 22. mars 2022

8. Kosningar 14. maí

9.Önnur mál

Afgreiðsla

1.Ársreikningur

Undir þessum lið mætti Davíð Búi Halldórsson endurskoðandi hjá Enor á fundinum á ZOOM. Fyrir fundinum lá ársreikningur sveitarfélagsins vegna 2021 til fyrri umræðu. Davíð Búi kynnti endurskoðun á ársreikningnum og fór yfir helstu niðurstöður og lykiltölur. Ársreikningi vísað til annarrar umræðu.

2.Málefni fatlaðra

a)Bréf frá sveitarfélaginu Skagafirði dags. 31. mars 2022

Fyrir fundinum lá erindi Sveitarfélagsins Skagafjarðar varðandi áframhaldandi samstarf um málefni fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra. Með erindinu er áréttuð bókun byggðaráðs frá fundi 1009, þar sem lýst er yfir vilja byggðaráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar til þess að sinna áfram hlutverki leiðandi sveitarfélags í málaflokknum. Skagabyggð lýsir yfir vilja til þess að halda samstarfinu áfram og samningur verði endurnýjaður með þeim aðildarsveitarfélögum sem kjósa að halda

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 03.05.2022

Fundur 2-2022

samstarfinu áfram. Það er mikilvægt að samfella í samstarfi og þjónustu sé tryggð og því leggur sveitarstjórn Skagabyggðar til að lengri samningur en til eins árs verði gerður. Sveitarstjórn fól oddvita að vinna að málefnum áfram í samvinnu við aðildarsveitarfélögin að samningnum.

3. Samstarfsverkefni í Austur-Húnavatnssýslu

Oddvitar og sveitarstjórar sveitarfélaganna Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Skagastrandar hittust á fundi þann 7. apríl síðastliðinn til að ræða samstarfsverkefni sveitarfélaganna.

Aðilar eru sammála um að endurskoða þurfi núverandi starfsemi byggðasamlaga en samstarf er um eftirfarandi verkefni:

- a) Félags- og skólaþjónusta A-Hún
- b) Tónlistarskóli Austur-Húnavetninga
- c) Byggðasamlag um atvinnu- og menningarmál

Ákvörðun var tekin um að bera það upp við sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga að slíta Byggðasamlagi um menningar- og atvinnumál á næstu fundum sveitarfélaganna. Í samræmi við 56. gr. samþykkt fyrir Byggðasamlag um menningar- og atvinnumál í A-Hún. fer um endurskoðun á samþykktunum, úrgöngu úr byggðasamlaginu og slit þess eftir 83.-86. gr. eldri sveitarstjórnarlaga sbr. 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Í ákvæðinu segir:

95. gr. Úrganga úr byggðasamlagi og slit byggðasamlags.

- Í samningi um byggðasamlag skulu vera ákvæði um endurskoðun á samningi, um heimildir til úrsagnar úr byggðasamlagi og um slit þess.
- Einstök sveitarfélög geta með tveggja ára fyrirvara sagt upp aðild að byggðasamlagi, hafi ekki verið samið um annan tímafrest. Samhliða getur sveitarfélag krafist innlausnar á nettó eignarhlut sínum í samlaginu núvirðisreiknuðum í samræmi við ákvæði samnings skv. 94. gr.
- Ef ósætti rís um úrgöngu sveitarfélags úr byggðasamlagi er hægt að vísa málinu til ráðuneytisins. Ráðuneytið getur ákveðið að viðkomandi sveitarfélagi sé ekki heimilt að ganga úr byggðasamlagi um tilgreindan tíma, þó ekki lengur en í fimm ár að telja frá ákvörðun ráðuneytisins, vegna mikilvægra samfélagslegra hagsmuna eða vegna mikilvægra hagsmuna annarra aðildarsveitarfélaga sem að byggðasamlagi standa. Af sömu ástæðum er ráðuneytinu heimilt að ákveða frestun innlausnar á eignarhlut sveitarfélags.
- Tillaga um að starfsemi byggðasamlags sé hætt nær því aðeins fram að ganga að hún sé staðfest af $2/3$ hlutum sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga eða hún hafi verið samþykkt í almennri atkvæðagreiðslu á starfssvæði byggðasamlagsins. $2/3$ hlutar stjórnarmanna í byggðasamlagi eða $2/3$ hlutar fulltrúa á aðalfundi byggðasamlags, sé slíkur fundur haldinn, geta krafist atkvæðagreiðslu í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga um slit byggðasamlags.
- Nú er ákveðið að hætta starfsemi byggðasamlags eða svo er fyrir mælt í lögum og skal þá skipa því sérstaka skiptastjórn er gerir upp eignir þess og skuldir og slítur rekstri þess. Heimilt er skiptastjórn að auglýsa eftir kröfum á

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 03.05.2022

Fundur 2-2022

hendur byggðasamlaginu með opinberri innköllun. Eftir að kröfur hafa verið greiddar skal afgangi eigna eða eftirstöðvum skulda jafnað á þau sveitarfélög sem að byggðasamlagi standa í hlutfalli við íbúatölu. Skiptastjórn skal kjörin af stjórn byggðasamlags.

Borin var upp tillaga þess efnis að Skagabyggð segi upp aðild að Byggðarsamlagi um menningar- og atvinnumál í A-Hún og samstarfinu verði slitið.

Tillaga samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

4. Tónlistarnám framhaldsskólanemenda úr Skagabyggð

Fyrir fundinum lá umsókn til sveitarfélagsins um greiðslu fyrir framhaldsskólanemanda í tónlistarnámi við Tónlistarskólann á Akureyri. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti umsóknina og felur oddvita að vera í samskiptum við tónlistarskólann.

5. Sorpmál

Aðalfundur Norðurár bs. var haldinn 20. apríl s.l. og fór oddviti sem fulltrúi sveitarfélagsins á fundinn.

Miklar breytingar verða á lagalegum kröfum tengdum sorpmálum um næstu áramót og ljóst að breytingar þarf að gera á meðhöndlun úrgangs og þar með gjaldskrá. Leita þarf leiðbeininga hjá Umhverfissráðuneytinu um gerð samþykktar um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu, sem gjaldskrá byggir síðan á.

6. Vatnsmál

Rætt um borun fyrir köldu vatni við Skagabúð og í Kálfshamarsvík, en fyrirtækið Alvarr mun koma á svæðið á haustdögum að bora. Stefnt er að því að bora við Skagabúð og í Kálfshamarsvík.

7. Bréf og fundargerðir:

a) Jón Gunnarsson, dómsmálaráðherra dags. 21. mars 2022
Í bréfinu reifar ráðherra breytt áform um endurskipulagningu sýslumannsembættanna á landinu. Sveitarstjórn Skagabyggðar leggur áherslu á að starfsemi sýslumannsembættisins á Blönduósi verði aukin í samræmi við það sem ráðherra boðar. Bréfið er lagt fram til kynningar

b) Stjórn Heimilisiðnaðarsafnsins dags. 22. mars 2022
Fundargerð frá stjórnarfundum 22. mars, 2022. Lögð fram til kynningar.

8. Kosningar 14. maí

Fyrir fundinum lá kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninga þann 14. maí n.k. Á kjörskrá eru 33 karlar, 34 konur og 0 kynsegin/annað, alls 67. Kjörskrá liggur frammi hjá oddvita fram að kjördegi.

9. Önnur mál

Umræður um ljósastaura. Ákveðið að senda kynningarpóst á heimili í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 03.05.2022
Fundur 2-2022

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl 17:00.

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Magnús Björnsson

Karen Helga R Steinsdóttir

Magnús Guðmannsson

Kristján Steinar Kristjánsson